



Sjálfbærniskýrsla 2022

Ávarp forstjóra

1. Þetta er Terra umhverfisþjónusta

- 1.1. Okkar hlutverk
- 1.2. Árið 2022 í tölum
- 1.3. Sagan okkar
- 1.4. Stjórn
- 1.5. Framkvæmdastjórn

2. Stefna og framtíðarsýn

- 2.1. Framtíðarsýnin okkar
- 2.2. Sjálfbær rekstur til framtíðar

3. Við viljum stuðla að sjálfbærni

- 3.1. Um skýrsluna
- 3.2. Betra samfélag ef við stuðlum öll að sjálfbærni
- 3.3. Sjálfbærnivægferð okkar

4. Leiðin að okkar áherslum í sjálfbærni

- 4.1. Það sem við gerðum til þess að finna okkar áherslur
- 4.2. Niðurstöður mikilvægisgreiningar

5. Sjálfbærnistefna

- 5.1. Terra umhverfisþjónusta x Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

6. UFS markmiðin okkar

7. Umhverfisþættir

- 7.1. Stefnuáherslur í umhverfismálum
- 7.2. Markmið og aðgerða-áætlun í umhverfisþáttum
- 7.3. Hringrásarhugsun í allri virðiskeðjunni
- 7.4. Losun gróðurhúsa-lofttegunda og loftslagsstefna
- 7.5. Mengun frá starfsstöðvum og starfsemi
- 7.6. Úrgangur frá rekstri
- 7.7. Áhrif á líffræðilega fjölbreytni

8. Félagslegir þættir

- 8.1. Stefnuáherslur í félagslegum þáttum
- 8.2. Markmið og aðgerða-áætlun í félagslegum þáttum
- 8.3. Mannauðurinn okkar
- 8.4. Heilsa og öryggi
- 8.5. Aðgerðir gegn mismunun
- 8.6. Jafnrétti á vinnustað
- 8.7. Starfsþjálfun og þróun í starfi
- 8.8. Ánægja viðskiptavina
- 8.9. Samfélagsleg áhrif þjónustu og samstarf

9. Stjórnarþættir

- 9.1. Stefnuáherslur í stjórnarháttum
- 9.2. Markmið og aðgerða-áætlun í stjórnarháttum
- 9.3. Birgjamat
- 9.4. Eftirlit og áhættustjórnun
- 9.5. Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi
- 9.6. Upplýsingagjöf

10. Stöðugar umbætur

11. Sjálfbærniuppgjör 2022

Efnisyfirlit



Ávarp forstjóra

Terra umhverfisþjónusta hefur verið leiðandi fyrirtæki í umhverfisþjónustu um árabil. Okkar stefna er að stuðla að sjálfbærni okkar viðskiptavina með því að safna á umhverfisvænan hátt úrgangi sem við komum í réttan farveg til endurnýtingar og endurvinnslu.

Þetta er í fyrsta sinn sem Terra umhverfisþjónusta gefur út sjálfbærnisýrslu. Við mikilvægisgreiningu og

markmiðasetningu höfum við sett okkur sjálfbærnistefnu í samvinnu við starfsfólk, fjölda viðskiptavina, birgja, stjórn og hluthafa. Ætlun okkar er að taka virkan þátt í því að stuðla að sjálfbærni viðskiptavina og hafa áhrif á vegferð samfélagsins í átt að sjálfbærni.

Innleiðing á sjálfbærnistefnu okkar felur í sér að þau markmið sem við setjum okkur séu mælanleg og menning okkar og dagleg ákvarðanatáka séu til þess fallin að markmiðum okkar verði náð.

Með því að setja sjálfbærni sem kjarnann í okkar stefnu til framtíðar, viljum við tryggja að þær áherslur og markmið sem við höfum sett okkur muni skila jákvæðum áhrifum til starfsfólks, viðskiptavina, hluthafa og samfélagsins í heild.

*Valgeir Baldursson,
forstjóri Terra umhverfisþjónustu*





1. Þetta er Terra umhverfispjónusta



1.1. Okkar hlutverk

Okkar hlutverk er að safna efnum og koma þeim í réttan farveg.


Kjarnastarfsemi félagsins er víðtæk umhverfisþjónusta en fyrirtækið hefur starfað við söfnun og flokkun úrgangs og endurvinnsluefna frá árinu 1984. Félagið vinnur með fyrirtækjum, opinberum aðilum og einstaklingum í flokkun og umhverfisvænni úrgangsstjórnun með áherslu á að koma öllum þeim efnum sem falla til í viðeigandi farveg og aftur inn í hringrásarhagkerfið. Með þeim hætti stuðlum við að og vinnum með viðskiptavinum félagsins við að skilja ekkert eftir.

Verðmætasköpun fyrirtækisins felst því fyrst og fremst í þjónustu við viðskiptavini, að leigja söfnunarílát til viðskiptavina, sækja og flokka úrgang þeirra og koma síðan til endurnýtingar, endurvinnslu eða í annan farveg.






Félagið er með höfuðstöðvar í Hafnarfirði en auk þess er félagið með starfsstöðvar á Akureyri, Reyðarfirði, Akranesi, í Ólafsvík, á Blönduósi og Skagaströnd og þjónustar samfélögin og söfnunarstöðvar í nágrenni þeirra.







1.2. Árið 2022 í tölum




6,7
milljarðar kr.
velta




761
milljónir kr.
EBITDA




11%
EBITDA




41%
endurnýtingarhlutfall




240
fjöldi bíla og tækja




48%
viðskiptavina
eru einstaklingar
1% af tekjum



51%
viðskiptavina
eru fyrirtæki
71% af tekjum




1,2 milljónir
losana



4,8 milljónir
leigudaga á ílátum




246
fjöldi
starfsfólks



14
þjóðerni starfsfólks




15% konur
85% karlar



1%
viðskiptavina eru
opinberir aðilar
28% af tekjum



1.3. Sagan okkar





1.4. Stjórn

Frá aðalfundi 2022 voru haldnir 11 stjórnarfundir og tóku allir stjórnarmenn þátt í öllum stjórnarfundum tímabilsins. Forstjóri situr stjórnarfundum auk framkvæmdastjóra fjármálasviðs sem er ritari stjórnar.

Við árslok 2022 var stjórn Terra umhverfisþjónustu skipuð eftirfarandi aðilum:

Einar Örn Ólafsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1973 og tók fyrst sæti í stjórn árið 2018. Einar er með MBA gráðu frá NYU Stern School of Business og lauk rekstrarverkfræði frá Háskóla Íslands. Einar sinnir stjórnarstörfum og fjárfestingum sem aðalstarf en í dag er hann einnig stjórnarformaður Fly Play hf.

Áður var Einar forstjóri Fjarðalax, Skeljungs og sinni ýmsum stjórnunarstörfum í bankastarfsemi. Einar er í dag stór hluthafi og stjórnarmaður í Stoðum hf., fjárfestingarfélagins.

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, er fædd árið 1974. Hún var fyrst kosin í stjórn árið 2018. Petrea Ingileif hefur lokið BS prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Petrea Ingileif situr í dag í stjórn Ósa, Icepharma, Terra umhverfisþjónustu, Allianz og Daga ásamt því að sinna ráðgjafastörfum. Petrea á að baki 13 ára starf sem stjórnandi og sérfræðingur hjá fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum, starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri sölu-, þjónustu- og markaðssviðs 365 árin 2014–2016 og sem forstjóri Tals 2013–2014. Hún starfaði einnig sem framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans og markaðsstjóri Símans og Skjás Eins. Þá var hún stjórnarformaður Símafélagsins árin 2017–2018 og Sýnar þar til 2022.

Ari Ólafsson, meðstjórnandi, er fæddur árið 1985. Hann var fyrst kosinn í stjórn Terra umhverfisþjónustu árið 2022. Ari situr í stjórnnum ýmissa félaga. Hann starfaði í áhættustýringu hjá Kviku banka á árunum 2013–2016. Síðast starfaði Ari fyrir Stefni eða frá 2016–2022. Ari er með BA próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands frá 2008, mastersgráðu í rekstrarrannsóknum frá Háskólanum í Reykjavík frá 2010 og fjármálaverkfræði frá Imperial College í London frá 2011.

Stjórn félagsins er skipuð tveimur körlum og einni konu og uppfyllir því ákvæði laga um kynjahluthöll í stjórnnum hlutafélaga.

Sjá nánar stjórnarháttayfirlýsingu stjórnar í ársreikningi félagsins.



1.5. Framkvæmdastjórn

Á árinu voru gerðar breytingar á skipuriti og skipulagi starfsemi móðurfélagsins. Í dag samanstendur félagið af fimm megin sviðum, þ.e. fjármál og tæknisvið, svið sölu og þjónustu, svið menningar og sjálfbærni, svið flokkunar og vinnslu og viðskiptaþróun. Stoðsvið móðurfélagsins veita dótturfélögum skrifstofu- og stjórnunarþjónustu, þó ekki að öllu leyti.



Valgeir Baldursson, forstjóri félagsins, er fæddur 1970 og hefur verið forstjóri félagsins og stjórnarformaður dótturfélaganna Terra Efnaeyðingar og Terra Eininga, frá maí 2021. Menntun: 2007 MBA frá Háskólanum í Reykjavík. 1993 Háskóli Íslands, Viðskipta- og stjórnmálafræði. 1990 Menntaskólinn við Sund. Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri fjárfestinga og reksturs VÍS 2017–2021. Starfaði hjá Skeljungu í átta ár, 2014–2017 forstjóri Skeljungs, 2011–2014 framkvæmdastjóri neytendasviðs Skeljungs, 2009–2011 fjármálastjóri Skeljungs.

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsfólki, auk forstjóra, þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra:



Arngrímur Sverrisson

er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar.



Davíð Þór Jónsson

er framkvæmdastjóri fjármála- og tæknisviðs, ásamt því að sinna stjórnarstörfum í báðum dótturfélögum félagsins.



Gróa Björg Baldvinsdóttir

er framkvæmdastjóri menningar og sjálfbærni, ásamt því að sitja í stjórn Fenúr f.h. félagsins.



Guðmundur Páll Gíslason

er framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs, ásamt því að sinna stjórnarstörfum í báðum dótturfélögum félagsins.



Skipurit

Forstjóri
Valgeir Baldursson

Viðskiptaþróun
Arngrímur Sverrisson

Fjármál og tækni
Davíð Jónsson

Menning og sjálfbærni
Gróa B. Baldvinsdóttir

Móttaka og umhleðsla
Valgeir Baldursson

Sala og þjónusta
Guðmundur Gíslason

Upplýsingatækni og þróun

Mannauður

Flokkun og vinnsla

Umhverfisþjónusta

Fjármál

Öryggis- og gæðamál

Verkstæði

Norðurland

Gagnagreind og verðlagning

Verkefnastofa stefnumótunar og umbóta

Útflutningur

Austurland

Innkaup

Sjálfbærni / Samskipti

Akstursþjónusta

Markaðsmál

A wide waterfall cascades down a dark, mossy cliff face into a river. The surrounding landscape is lush and green, with a rocky riverbed in the foreground. A large, white, stylized leaf-like graphic is overlaid on the left side of the image.

2. Stefna og framtíðarsýn



2.1. Framtíðarsýnin okkar – Stuðlum að sjálfbærni

Á árinu fór fram mikil vinna við endurskoðun á framtíðarsýn Terra umhverfisþjónustu og stefnumótun félagsins.

Einnig urðu skipulagsbreytingar á árinu en hluti þeirra breytinga var stofnun á nýju sviði sem ber heitið *menning og sjálfbærni* en ætlunin með þeim breytingum var m.a. að auka áherslu á sjálfbærni hjá félaginu enn meira.

Stefnumótunin og ný framtíðarsýn félagsins voru unnin með stjórn, framkvæmdastjórn og lykilstjórnendum félagsins. Ný stefna fyrir framtíðarsýn félagsins – *stuðlum að sjálfbærni* – var samþykkt af stjórn á seinni hluta ársins. Vinna við að hrinda stefnumótun félagsins í framkvæmd hófst í byrjun árs 2023.

Samhliða stefnumótun félagsins hófst vinna við innleiðingu sjálfbærni í kjarnarekstri félagsins og mótun sjálfbærnistefnu félagsins enda mikilvægt að innleiðing sjálfbærni sé samofin kjarnarekstri félagsins og framtíðarsýn þess, ætli það sér að þrífast og mæta kröfum nútíðar og þörfum framtíðar.

Ný stefna og stefnumótun hafa áhrif á einstakar innri stefnur félagsins og verða þær teknar til endurskoðunar og rýni á nýju reikningsári, til að skerpa á skipulagi, stjórnarháttum en einnig að endurspegla sjálfbærnimarkmið félagsins sem felst í því að minnka neikvæð og auka jákvæð áhrif félagsins á hagaðila þess og umhverfið. Vinnan er nú þegar hafin og verður hún að hluta til kynnt í þessari skýrslu og þá sérstaklega ný sjálfbærnistefna félagsins.

Framtíðarsýn 2026

1 Mannauður
Starfsánægja 4,6



2 Viðskiptavinir #1
Fyrsta val
í umhverfisþjónustu



3 Sjálfvirkni
Öll lykilferli sjálfvirk



4 Endurnýting
100%



5 Gagnkvæmur ávinningur
Horft til hagsmuna allra
hagaðila og umhverfis





2.2. Sjálfbær rekstur til framtíðar

Efnahagsleg sjálfbærni er ekki síður mikilvæg en UFS þættirnir þegar kemur að sjálfbærni og farsælum rekstri félagsins til langs tíma.

Efnahagslegt virði félagsins til framtíðar er ein af lykilstoðum þegar líta ber til sjálfbærni. Það að hluthafar, starfsfólk og viðskiptavinir sjái hag sinn í því að vera hluti af félaginu er mikilvægt og við alla ákvarðanatöku ber félaginu að taka mið af ávinningi allra þessara hagaðila, sem og allra annarra hagaðila félagsins. Í stefnu félagsins er sérstaklega farið yfir mikilvægi þess að í samningssambandi félagsins við viðskiptavini sé til staðar gagnkvæmur ávinningur. Það þýðir margt en ekki síst að bæði félagið og viðskiptavinir hafi hag af

viðskiptasambandinu og hljóti af því ávinning. Það þýðir að verðlagning sé sanngjörn, ferlar gagnsær og traust sé á milli aðila.

Í ljósi ofangreinds hefur félagið greint helstu fjárhagsáhættur í rekstri, sett sér markmið um hvernig þeim skuli mætt og jafnframt sett sér fjárhagsleg markmið sem taka mið af bindingu eigin fjár hluthafa, skuldsetningu og ávöxtun þess fjármagns sem hluthafar hafa lagt félaginu til.





3. Við viljum stuðla að sjálfbærni



3.1. Um skýrsluna

Þetta er fyrsta sjálfbærniskýrsla Terra umhverfisþjónustu hf. og dótturfélags þess Terra Efnaeyðingar hf. Á árinu 2023 verður dótturfélagið sameinað móðurfélaginu og því eru upplýsingar um bæði félögin tekin saman í þessari fyrstu sjálfbærniskýrslu.

Stjórnendur og starfsfólk beggja félaga komu að vinnu við setningu markmiða, mikilvægisgreiningu og lykilmælikvarða.

Skýrslan tekur mið af UFS (umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum) mælikvörðum í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq, ófjárhagslegum upplýsingum og stjórnarháttayfirlýsingu í ársreikningi

félagsins, ásamt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Einnig eru skýrslan og starfsemin tengd við Heims-markmið Sameinuðu þjóðanna.

Sjálfbærniuppgjörið er gert í samræmi við UFS leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Þessar leiðbeiningar eru byggðar á tillögum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange).

Klappir grænar lausnir hf. hafa aðstoðað við gerð sjálfbærniuppgjörsins, sem byggist á þeim upplýsingum sem Klappir hugbúnaðurinn hefur safnað saman yfir árið. Sjálfbærniuppgjörið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti Terra umhverfisþjónustu og Terra

Efnaeyðingar. Klappir skipuleggja og haga vinnu sinni í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar; viðeigandi, nákvæmni, heilleiki, samræmi og gagnsæi. Gögn félagsins sem birt eru í sjálfbærniuppgjörinu eru yfirfarin og metin eftir bestu vitund af sjálfbærnisérfræðingum Klappa, að undanskildum gögnum tengdum félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Útgáfudagur, 28. apríl 2023.





3.2. Betra samfélag ef við stuðlum öll að sjálfbærni

Innleiðing sjálfbærni í rekstri hvers félags er vegferð og er þessi fyrsta sjálfbærnisýrsla félagsins eitt af fjölmörgum skrefum sem við hjá Terra umhverfisþjónustu viljum taka til þess að auka gagnsæi og upplýsa hagaðila okkar um hvernig rekstri félagsins er háttað þegar kemur að sjálfbærni. Með sjálfbærnistefnu, markmiðum og aðgerðum til þess að ná fram lykilmælkvörðum er félagið með skýra stefnu í að gera það sem það getur til þess að hafa jákvæð áhrif á heiminn.

Við viljum stuðla að sjálfbærni í samfélaginu og starfa í jafnvægi við umhverfi, samfélagið og starfsfólkið okkar. Við viljum taka virkan þátt í vegferð samfélagsins að sjálfbærni og stuðla að því að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að lifa jafn góðu eða jafnvel betra lífi en við sem nú lifum.

Við viljum markvisst draga úr neikvæðum áhrifum félagsins og auka jákvæð áhrif þess með sameiginlegum ávinningi fyrir hagaðila félagsins, svo sem starfsfólks, viðskiptavina, hluthafa og aðra hagaðila félagsins, og umhverfi. Kjarnarekstur félagsins er samofinn mikilvægum hlekki sjálfbærni, enda er grunnstarfsemi félagsins að veita umhverfisþjónustu.

Terra umhverfisþjónusta gegnir lykilhlutverki í hringrásarhagkerfi Íslands og hefur reksturinn umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og teljum við því mikilvægt að við setjum okkur metnaðarfull markmið til þess að skilja ekkert eftir í umhverfinu. Við leggjum einnig upp úr því að bera virðingu fyrir starfsfólki, viðskiptavinum og samfélaginu í heild og er því á sama tíma mikilvægt að setja okkur markmið í þeim efnum.

Við tökum ábyrgð og einbeitum okkur að því að horfa til framtíðar með sjálfbærni að leiðarljósi.





3.3. Sjálfbærnivægferð okkar



2013

ISO 14001
umhverfisevntun



2018

ISO 9001
gæðavottun



2020

ÍST 85:2012
jafnlaunavottun



2020

Terra umhverfisþjónusta kjörin
umhverfisfyrirtæki atvinnulífsins
/ viðurkenning veitt af Samtökum
atvinnulífsins



2020

Innleiðing hófst
á vistkerfi Klappa



2020

Terra umhverfisþjónusta
fær viðurkenningu FKA
Jafnvægisvogarinnar



2021

Terra umhverfisþjónusta
varð aðili að Festu, miðstöð
um samfélagsábyrgð og
sjálfbærni



2022

Mikilvægisgreining fyrir
innleiðingu sjálfbærni



2022

Heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna
tengd sjálfbærnistefnu



2023

Sjálfbærnistefna og
sjálfbærnisýsla
gefnar út

An aerial photograph of a river flowing through a lush, green landscape. The river is surrounded by moss-covered rocks and vegetation. A waterfall is visible on the right side of the image. The water is white and turbulent as it flows over the rocks. The overall scene is vibrant and natural.

4. Leiðin að okkar áherslum



4.1. Það sem við gerðum til þess að finna okkar áherslur

Á árinu 2022 var tekið metnaðarfullt skref hjá félaginu við að greina betur stöðu félagsins í sjálfbærnimálum.

Félagið hafði ekki áður sett sér skriflega sjálfbærni-
stefnu sem slíka þó að sjónarmið og stefna félagsins
í sjálfbærnimálum kæmu að nokkru leyti fram í
umhverfis-, mannauðs-, gæða- og öryggisstefnum
félagsins, sem og siðareglum þess. Til þess að setja sér
metnaðarfulla en raunhæfa sjálfbærnistefnu fékk félagið
til liðs við sig teymi sjálfbærni ráðgjafa EY á Íslandi, til
þess að leiðbeina og aðstoða við að finna áherslur okkar
í sjálfbærni, sem tækju raunverulega mið af stöðu Terra
umhverfisþjónustu og rekstri þess.

Sjálfbærni – hvað er það?

Haldin var sérstök fræðsla um sjálfbærni, á íslensku og
ensku, fyrir starfsfólk Terra umhverfisþjónustu. Okkur
þótti mikilvægt að allt starfsfólkið skildi hugtakið áður
en lagt væri af stað með greiningu á sjálfbærnimálum
félagsins og innleiðingu í kjölfarið. Allt starfsfólk Terra
umhverfisþjónustu þarf líka að standa saman við að

innleiða sjálfbærni í kjarnareksturinn og því mikilvægt
að við skiljum öll af hverju við erum fara í þessa
sjálfbærnivægferð.

Vinnustofur og undirbúningur mikilvægisgreiningar

Í kjölfarið var haldin vinnustofa þar sem framkvæmda-
stjórn, ásamt lykilstjórnendum um allt land auk starfs-
fólks á sviði þjónustu, sölu og akstri tóku þátt. Á fyrstu
sjálfbærnivinnustofunni var farið yfir UFS þætti sem
skilgreindir eru af Nasdaq ásamt öðrum sjálfbærnivísimum
sem tengjast rekstri á sorp- og endurvinnslustöðvum.
Fulltrúar Terra sammældust þar um viðeigandi
sjálfbærnivísa til þess að vinna áfram með og
mikilvægisgreina fyrir starfseminu.

Mikilvægisgreining

Einn af lykilþáttunum í vegferð okkar við að finna
áherslur okkar í sjálfbærnimálum var framkvæmd
mikilvægisgreiningu félagsins. Mikilvægisgreining felur
í sér að meta hvaða þættir eru mikilvægastir fyrir hvert
fyrirtæki að leggja áherslu á varðandi umhverfisþætti,
félagslega þætti og stjórnarhætti.

Greiningin fór þannig fram að út frá þeim sjálfbærni-
vísimum sem starfsfólk Terra umhverfisþjónustu taldi rétt
að vinna með áfram, var send út könnun til hagaðila
Terra umhverfisþjónustu; starfsfólks, viðskiptavina,
birgja, samstarfsaðila, stjórn og hluthafa auk þess sem
almenningi var gefinn kostur á að taka þátt. Helstu
hagaðilar lögðu sitt af mörkum með því að nefna þá
þætti sem þeim þótti mikilvægast að hefja vinnu við.
Þá forgangsraðaði sjálfbærniteymi EY þessum tilteknu
UFS þáttum með því að nota tvöfalda mikilvægis-
greiningu. UFS þáttunum var forgangsraðað frá
tveimur sjónarhornum; annars vegar UFS áhrifum
og hins vegar fjárhagslegum áhrifum. Niðurstöður
könnunar meðal hagaðila um mikilvægi UFS þátta
voru bornar saman við niðurstöður sérfræðinga EY á
fundi með framkvæmdastjórn ásamt mannauðsstjóra,
umhverfis- og öryggisstjóra og verkefnastjóra stefnu-
mótunar og umbóta og voru þættir færðir til í kjölfarið
í forgangsröðuninni eftir niðurstöðum hagaðila
könnunarinnar.



4.2. Niðurstöður mikilvægisgreiningar

Niðurstöður tvöföldu mikilvægisgreiningarinnar má sjá hér á myndinni. Í kjölfarið voru markmið í hverjum UFS þætti ákveðin sem og aðgerðaáætlun til að ná fram þeim markmiðum. Gerð er grein fyrir aðgerðaáætlun okkar fyrir hvern UFS þátt í umfjöllun um hvern og einn þátt; umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti.

UFS áhrif

Áhrif (skali, umfang, úrbætanleiki)
Líkur á atviki (söguleg atvik, lönd og svæði)

Aðkallandi		<ul style="list-style-type: none"> Hringrásarhugsun Heilsa og öryggi Birgjamat 	
Veruleg	<ul style="list-style-type: none"> Áhrif á líffræðilega fjölbreytni 	<ul style="list-style-type: none"> Úrgangur frá rekstri Aðgerðir gegn mismunum Samfélagsleg áhrif og samstarf 	<ul style="list-style-type: none"> Umhverfisstefna og umhverfisstjórnunarkerfi Losun GHG og loftslagsstefna Eftirlit og áhættustjórnun
Talsverð	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni á vinnustað Siðareglur og aðgerðir gegn spillingu 	<ul style="list-style-type: none"> Jafnrétti á vinnustað Upplýsingagjöf Starfsþjálfun og þróun í starfi Ánægja viðskiptavina 	<ul style="list-style-type: none"> Mengun frá starfsstöðvum

Talsverð

Veruleg

Aðkallandi

Fjárhagsleg áhrif

Notkun auðlinda (verð, framboð, kostnaður við viðhald)

Traust á samböndum og ytri hagaðila (ánægja, heilsa og öryggi, samskipti, vörumerki og orðspor)

5. Sjálfbærnistefna






Sjálfbærnistefna

Eftir að niðurstöður mikilvægisgreiningarinnar lágu fyrir setti Terra umhverfisþjónusta fram heildræna sjálfbærnistefnu í ársbyrjun 2023 sem nær til allra stólpa sjálfbærninnar; umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna.

Tilgangur stefnunnar er að skilgreina markmið og megináherslur okkar þegar kemur að sjálfbærni. Sjálfbær þróun miðar að því að fullnægja þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að fullnægja sínum þörfum. Hlutverk okkar er að koma efnum sem flæða í gegn hjá okkur í réttan farveg og sem mestu aftur í hringrásina á umhverfisvænan hátt. Við hjá Terra umhverfisþjónustu viljum stuðla að sjálfbærara samfélagi ásamt því að bæta umgengni við jörðina, veita starfsfólki okkar heilbriggt og öruggt starfsumhverfi og styðja viðskiptavinum okkar í því að ná sem mestum árangri í umhverfisvænni úrgangsstjórnun. Við viljum einnig vera til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum og hafa þannig jákvæð áhrif á okkar hagaðila og virðis-keðjuna.

Umhverfisþættir




Betri umgengni um jörðina

Við viljum hvetja Íslendinga til dáða og auðvelða þeim að koma efnum í réttan farveg og að mestu leyti aftur í hringrásina á umhverfisvænan hátt. Hringrásarhugsun og aukni gagnsæi í allri okkar virðis-keðju skipta okkur miklu máli. Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum starfsemi okkar á umhverfið, hvort sem þau tengjast losun gróðurhúsalofttegunda, mengun frá starfsstöðvum eða áhrifum á líffræðilegan fjölbreytileika. Við ætlum því m.a. að leggja sérstaka áherslu á að:

- Auka endurnýtingar-/endurvinnsluhlutfall úrgangs viðskiptavina okkar
- Setja okkur stefnu í loftslagsmálum og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda
- Auka þekkingu starfsfólks á umhverfistengdum áhættum starfseminnar
- Stuðla að því að engin mengunarslys af völdum starfseminnar eigi sér stað
- Sjá til þess að flokkunarhlutfall rekstrarúrgangs Terra umhverfisþjónustu sé til fyrirmyndar

Stjórnarhættir



Góðir og ábyrgir stjórnarhættir

Við viljum styðjast við góða stjórnarhætti og styrkja innviði félagsins, m.a. með því að stjórnendur og stjórn fari með reglubundnum hætti yfir þætti tengda sjálfbærni, bæði í daglegri starfsemi og meðal birgja. Við ætlum okkur að greina áhættu og tækifæri í sjálfbærni og vinna að stöðugum umbótum, sérstaklega í umhverfismálum félagsins. Því ætlum við m.a. að leggja sérstaka áherslu á að:

- Framkvæma birgjamat reglulega með sjálfbærni að leiðarljósi
- Framkvæma sjálfbærnistengt áhættumat reglulega
- Viðhalda ISO 14001 vottun
- Viðhalda ISO 9001 vottun
- Gefa út sjálfbærnisráðgjafar árlaga


Félagslegir þættir



Heilbriggt og öruggt starfsumhverfi

Við viljum veita starfsfólki okkar heilbriggt og öruggt starfsumhverfi. Fólkið okkar er ein af helstu auðlindum félagsins og eru því heilsa og öryggi starfsfólksins í forgrunni. Við leggjum áherslu á að starfsfólk okkar hafi jöfn tækifæri innan félagsins og upplifi sig sem mikilvægan hluta af heildinni. Við veitum starfsfólki okkar starfsþjálfun og deilum þekkingu okkar á flokkun og úrgangsmálum svo við getum öll verið til fyrirmyndar. Því ætlum við m.a. að leggja sérstaka áherslu á að:

- Tryggja að vinnuáðstæður séu öruggar og lágmarka líkur á slysum
- Sjá til þess að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og mismunun sé ekki liðin
- Sjá til þess að hlutverk starfsfólks séu skýr og starfsþjálfun regluleg



Jákvæð áhrif á viðskiptavinum og samfélagið

Við viljum veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu og styðja þá í að ná árangri í umhverfisvænni úrgangsstjórnun og stuðla þannig að ánægju viðskiptavina okkar. Við viljum einnig hafa jákvæð áhrif á samfélagið, meðal annars í formi styrkja sem styðja við markmið okkar í sjálfbærni. Eins ætlum við að fjárfesta í nýsköpun í átt að hringrásarhugsun. Því ætlum við m.a. að leggja sérstaka áherslu á að:

- Auka þekkingu viðskiptavina á flokkun og úrgangsstjórnun
- Sjá til þess að styrkir til samfélagsins styðji við sjálfbærnimarkmið félagsins og nýsköpun

Sjálfbærnistefnu Terra umhverfisþjónustu má finna á vefsíðu félagsins.




5.1. Terra umhverfisþjónusta × Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Stefna félagsins í sjálfbærnimálum styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og hefur félagið skilgreint fimm kjarnamarkmið út frá heimsmarkmiðunum þar sem við teljum okkur geta haft áhrif.

Við val á kjarnamarkmiðum var litið til markmiða félagsins út frá mikilvægisgreiningunni en ekki síður út frá kjarnastarfsemi félagsins og hvar félagið telur sig geta haft jákvæð áhrif. Heimsmarkmiðin [nr. 5 \(jafnrétti kynjanna\)](#), [nr. 9 \(nýsköpun og uppbygging\)](#), [nr. 11 \(sjálfbærar borgir og samfélög\)](#), [nr. 12 \(ábyrg neysla og framleiðsla\)](#) og [nr. 13 \(aðgerðir í loftslagsmálum\)](#) hafa verið skilgreind sem kjarnamarkmið okkar.



Í samræmi við eðli starfseminnar og hlutverk okkar hefur áhersla verið lögð á heimsmarkmið sem beinast að því að draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum og samfélögum, m.a. með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs, sbr. markmið nr. 11. Sama á við um markmið nr. 12 þar sem lögð er áhersla á að meðferð efna og efnablandna verði umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slík spilliefni, sem og að forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting hafi dregið verulega úr sóun. Jafnframt er markmið 13 nátengt stefnu félagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að setja loftslagsstefnu og draga m.a. úr notkun jarðefnaeldsneytis. Félagið vill auk þess leggja sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna, markmið nr. 5, enda hallar verulega á önnur kyn en karlkyns starfsfólk, sérstaklega í hópi bílstjóra hjá félaginu. Loks telur félagið rétt að leggja áherslu á nýsköpun um uppbyggingu í starfsemi sinni, markmið nr. 9, þar sem félagið starfar í þannig rekstri að þörf er á nýsköpun til að finna nýjar leiðir fyrir efni að komast aftur inn í hringrásina. Hringrásarhugsun í allri virðiskeðjunni skiptir okkur miklu máli.



An aerial photograph of a volcanic landscape, showing a central crater or caldera surrounded by steep, rocky slopes. The terrain is rugged and appears to be covered in ash or volcanic debris. The sky is a clear, pale blue. A large, white, stylized graphic element, resembling a thick, curved arrow or a partial circle, is overlaid on the left side of the image, pointing towards the center.

6. UFS markmiðin okkar



UFS markmiðin okkar

Þeir þættir sem voru ákvarðaðir mikilvægastir út frá mikilvægisgreiningunni urðu grunnur að markmiðasetningu og aðgerðaáætlun Terra umhverfisþjónustu til næstu ára. Markmiðin eru misjöfn að gerð og aðgerðaáætlun hvers og eins þeirra því einnig misjöfn. Lagt er upp með að einhver markmiðanna náist á árinu 2023 á meðan önnur markmið eru sett til lengri tíma, allt til ársins 2026. Sjá nánar yfirlit yfir markmið og aðgerðaáætlun í hverjum UFS kafla.

Umhverfisþættir



Betri umgengni við jörðina

- Hringrásarhugsun
- Losun GHG og loftslagsstefna
 - Mengun frá starfsstöðvum
- Úrgangur frá rekstri
- Áhrif á líffræðilega fjölbreytni

Félagslegir þættir



Heilbrigt og öruggt starfsumhverfi


- Heilsa og öryggi
- Aðgerðir gegn mismunun
- Jafnrétti á vinnustað
- Starfsþjálfun og þróun í starfi



Jákvæð áhrif á viðskiptavini og samfélagið

- Ánægja viðskiptavina
- Samfélagsleg áhrif þjónustu og samstarf

Stjórnarhættir



Góðir og ábyrgir stjórnarhættir

- Birgjamat
- Eftirlit og áhættustjórnun
- Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi
- Upplýsingagjöf

7. Umhverfispættir






7.1. Stefnuáherslur í umhverfismálum

Áherslur okkar í umhverfismálum eru að bæta umgengni við jörðina og skilja ekkert eftir. Í því felst að huga að hringrásarhagkerfinu hjá birgjum og viðskiptavinum, mæla losun gróðurhúsalofttegunda og setja stefnu um samdrátt, lágmarka alla mengun frá starfsstöðvum og kortleggja starfsstöðvar og starfsemi Terra umhverfisþjónustu m.t.t. áhrifa á vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni. Þá teljum við einnig mikilvægt að starfsemi okkar sé til fyrirmyndar þegar kemur að úrgangsmyndun og flokkunarhlutfalli.

Umhverfisþættir



Betri umgengni við jörðina

- Hringrásarhugsun
 - Losun GHG og loftslagsstefna
- Mengun frá starfsstöðvum
 - Úrgangur frá rekstri
- Áhrif á líffræðilega fjölbreytni



7.2. Markmið og aðgerðaáætlun í umhverfisþáttum

Í kjölfar mikilvægisgreiningar og með hliðsjón af sjálfbærnistefnu félagsins voru eftirfarandi markmið og aðgerðaáætlun sett fram. Markmiðum sem tengjast [umhverfisþáttum](#) er ætlað að ná fram með því að innleiða sjálfbærni í kjarnarekstur okkar.

Í töflunni má sjá hluta af lykilmælikvörðum okkar sem við ætlum að mæla og greina frá í næstu skýrslu. Þar sem mikilvægisgreiningu og setningu markmiða er nýlega lokið skortir okkur í einhverjum tilvikum mælingar til að greina frá núverandi stöðu. Þar sem ekkert er tekið fram um þyngd eða hlutfall eigum við ennþá eftir að greina þessa þætti. Þegar greiningu er lokið setjum við okkur mælanleg markmið. Við munum upplýsa nánar um árangur og stöðu í næstu skýrslu.

Yfirmarkmið	Markmið	Lykilmælikvarðar	Tími
Hringrásar-hugsun	1.1 Umbreyting úrgangs í verðmætari auðlindir	<ul style="list-style-type: none"> Þyngd úrgangs sem kom til endurvinnslu og var færður yfir í virðisaukandi farvegi 	árlega
	1.2 Aukning í hlutfalli úrgangs sem er endurnýttur eða endurunninn (frá viðskiptavinum)	<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall úrgangs sem er endurnýttur eða endurunninn (endurvinnsluhlutfall) 	árlega
	1.3 Gagnsæi í virðiskeðju úrgangs og endurvinnsluefna Terra umhverfisþjónustu	<ul style="list-style-type: none"> Tiltekið hlutfall af úrgangsflokkum með þekktan farveg hjá birgjum 	árlega
Losun GHG og loftslagsstefna	2.1 Mæla og greina frá losun	<ul style="list-style-type: none"> Umfang 1 Umfang 2 Umfang 3 	2023 2023 2026
	2.2 Minnka notkun jarðefnaeldsneytis	<ul style="list-style-type: none"> Minnka notkun jarðefnaeldsneytis milli ára 	árlega
	2.3 Setja loftslagsstefnu	<ul style="list-style-type: none"> Setja loftslagsstefnu m.t.t. allra losunarþátta sem mældir hafa verið með mælanlegum markmiðum að draga úr losun 	2023
Mengun frá starfsstöðvum	3.1 Engin mengunarslys af völdum starfsemi eða á starfsstöðvum	<ul style="list-style-type: none"> Uppfæra áhættumat m.t.t mengunar á starfsstöðvum og frá starfsemi 	2023
	3.2 Auka þekkingu starfsfólks á umhverfistengdum áhættum starfseminnar	<ul style="list-style-type: none"> Skipuleggja og framkvæma fræðslu tengda umhverfisáhættum á öllum starfsstöðvum 	árlega
Úrgangur frá rekstri	4.1 Flokkunarhlutfall rekstrarúrgangs Terra umhverfisþjónustu sé til fyrirmyndar	<ul style="list-style-type: none"> Flokkunarhlutfall rekstrarúrgangs til fyrirmyndar, mælikvarði og markmið skilgreind 	2023
	4.2 Draga úr matarsóun	<ul style="list-style-type: none"> Mæla magn á lífrænum eldhúsúrgangi á öllum starfsstöðvum 20% minni matarsóun miðað við mælt magn 2023 	2023 2024
Áhrif á líffræðilega fjölbreytni	5.1 Kortleggja áhrif starfseminnar á líffræðilega fjölbreytni	<ul style="list-style-type: none"> Kortleggja starfsemi m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni 	2023
	5.2 Terra umhverfisþjónusta valdi ekki skaðlegum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni	<ul style="list-style-type: none"> Útbúa verkferla til að lágmarka áhættu á líffræðilega fjölbreytni 	2024



7.3. Hringrásarhugsun í allri virðiskeðjunni


Terra umhverfisþjónusta hefur metnað fyrir því að skilja ekkert eftir og því skiptir hringrásarhugsun miklu máli fyrir okkur í allri virðiskeðjunni.

Við sem þjónustuaðili sem hefur það hlutverk að sækja efni og koma því í réttan farveg, ýmist með því að fara með efnið beint til þriðja aðila eða með því að flokka það nánar á starfsstöðvum okkur, teljum okkur geta nýtt þá stöðu okkar að koma auga á og stuðla að því að sífellt aukið efni komist aftur í hringrásina. Við hjá Terra umhverfisþjónustu viljum styðja innleiðingu hringrásarhagkerfis hjá birgjum og viðskiptavinum með virku samtali og samráði.

Mikilvægar lagabreytingar í átt að hringrásarhagkerfinu

Ný lög í úrgangsmálum tóku gildi 1. janúar 2023 og hafa lagabreytingarnar verið kallaðar *hringrásarlögin*. Markmið þeirra laga er m.a. að draga úr myndun

úrgangs og stuðla að myndun hringrásarhagkerfis. Eitt af lykilatriðum þeirra er að hugsa um úrganginn okkar sem hráefni sem megi endurvinna aftur og aftur. Hringrásarlögin munu hafa víðtæk áhrif á almenning, sveitarfélög og atvinnulífið. Við breytingarnar mun samræmt flokkunarkerfi gilda um allt land og skylt verður að flokka úrgang við heimili í fjóra flokka og við fyrirtæki í sjö. Sveitarfélög geta farið að innheimta gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt kerfi sem nefnist Borgað þegar hent er. Kerfið gengur út á það að borga minna fyrir meðhöndlun á úrgangi ef þú dregur úr magni og flokkar vel til endurvinnslu. Gert er ráð fyrir að innleiðing breytinganna og aðlögun að þeim muni standa yfir allt árið 2023. Sveitarfélög eru komin misjafnlega langt í því að innleiða lögin og laga sín kerfi að þeim. Lagabreytingarnar eru mikilvægt fyrsta skref í átt að hringrásarhagkerfi og einn liður í því er að standa við skuldbindingar okkar í loftslagsmálum. Terra umhverfisþjónusta mun taka virkan þátt í þessum jákvæðu breytingum fyrir hringrásarhagkerfið.






Endurnýtingarhlutfall og samsetning úrgangs

Endurnýtingarhlutfall efnis frá viðskiptavinum var 37% árið 2021 en var 41% í fyrra. Á árinu 2023 er stefnt að því að hlutfallið verði mun hærra enda efnisstraumar frá viðskiptavinum að verða hreinni og tækifæri félagsins til að nýta úrgang sem áður var urðaður til endurnýtingar hafa aukist, meðal annars með tilkomu nýju hringrásarlaganna.

Samsetning á magni fyrir síðasta ár má sjá á myndinni, en þar sést að stærstur hluti efnis sem félagið móttekur frá viðskiptavinum er enn blandaður úrgangur eða um 32,3% af heildarmagni. Næst á eftir er timbur eða um 14,3% af mótteknu magni.

Í takt við niðurstöður mikilvægisgreiningar, markmið og lykilmælikvarða ætlum við okkur að stuðla að aukningu umbreytingar úrgangs í verðmætari auðlindir. Með rýningu sjáum við betur hvar við getum gert betur og tækfærin eru mörg. Við viljum styðja viðskiptavinum okkar enn betur í því að auka flokkunarhlutfall sitt, öllum til heilla.



Hvar endar úrgangurinn í alvörunni?

Eitt af okkar markmiðum er að auka gagnsæi í okkar rekstri. Við viljum auka tiltrú og traust almennings á okkur og þessum atvinnugeira. Það þýðir m.a. að gagnsæi þarf að ríkja varðandi hvar úrgangur úr öllum endurvinnsluflokkum endar. Til þess að stuðla að auknu gagnsæi höfum við tekið saman og birt yfirlit á vefsíðu okkar um hvað verður um mótttekið efni. Þar má sjá hvernig úrgangsefni flæða í gegn í rekstri okkar. Hvað er endurunnið, hver aukaafurðin er, hvað er endurnýtt, urðað og annað slíkt. Við munum greina tækifæri í nýtingu úrgangs og vonumst til að virkt samtal við viðskiptavinum og almenning skili sér í auknu flokkunarhlutfalli, betri meðhöndlun úrgangs og hringrásarhugsun.

Við ætlum að gera okkar besta til að fylgja sérstaklega eftir efnum sem fara til birgja okkar erlendis og fá nánari útskýringar og upplýsingar um farveg efnanna frá okkar birgjum. Í einhverjum tilvikum liggja þær upplýsingar nú þegar fyrir og hafa verið birtar á vefsíðu okkar en í öðrum tilvikum er flóknara að ná utan um farveg efnanna alla leið en við ætlum að gera okkar besta.




Til þess að styðja við hringrásarhugsun tókum við þátt í ýmsum skemmtilegum verkefnum, m.a. tóku Orkan og Terra umhverfisþjónusta höndum saman og söfnuðu garðúrgangi íbúa á nokkrum stöðvum Orkunnar á höfuðborgarsvæðinu, annað árið í röð. Samstarfsverkefnið skilaði í ár 11,4 tonnum af garðúrgangi sem verður nýttur til moltugerðar. Með því að flokka garðúrgang frá öðrum úrgangi er stuðlað að því að úrgangurinn nýtist til að búa til nýja afurð sem er molta en hún getur m.a. nýst sem jarðvegsbættir í garðinn.

- Starfsfólk Terra umhverfisþjónustu bauðst til að flokka lífrænan úrgang og koma með á starfsstöðvar sínar.
- Frá upphafsdögum fyrirtækisins höfum við safnað matarolíu. Árlega söfnum við ríflega 150 tonnum af matarolíu sem er endurunnin og breytt í lífdísil sem hluti af bílaflota Terra umhverfisþjónustu notar.

Öllu hreinu timbri, sem við söfnum á Austurlandi, er ekið til Eskifjarðar þar sem fyrirtækið Tandraberg tekur við því til endurvinnslu. Fyrirtækið smíðar vörubretti og notar eins mikið af timbrinu og hægt er. Það sem ekki er hægt að nýta er kurlað og notað í stígagerð, sem undirlag fyrir húsdýr eða í orkukubba sem notaðir eru til húshitunar. Magn endurunnins timburs er 576.560 kg.

Fróði flokkari – betri flokkun, betri nýting auðlinda

Árið 2020 fjárfestum við hjá Terra umhverfisþjónustu í nýjum sjálfvirkum flokkara til að bæta flokkun og endurvinnslu. Með þessari fjárfestingu var hægt að flokka plast og pappa vélrænt eftir efniseiginleikum. Með aðstoð Fróða flokkara verða því efnisstraumar plastics frá viðskiptavinum okkar hreinni og endurvinnsluhlutfall plastics eykst og minna fer í brennslu (orkuframléiðslu).





7.4. Losun gróðurhúsalofttegunda og loftslagsstefna


Frá rekstri Terra umhverfisþjónustu er töluverð losun gróðurhúsalofttegunda. Við höfum einsett okkur að draga úr neikvæðum áhrifum rekstursins og í leiðinni uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar um að draga úr losuninni. Þess vegna er losun gróðurhúsalofttegunda eitt af okkar lykilmarkmiðum.

Heildarlosun Terra umhverfisþjónustu á árinu 2022 nam 7.856 tonnum koltvísýringsígilda (CO₂íg) samanborið við 7.262 tonn árið 2021. Þar af nam losun í umfangi 1 og 2 samtals 5.379 tonnum en var 5.776 tonn árið 2021 og losun í umfangi 3 nam 2.477 en var 1.486 tonn árið 2021.

Losun vegna eldsneytisnotkunar farartækja er stór hluti af heildarlosuninni og nam 3.717 tonnum koltvísýringsígilda (CO₂íg) samanborið við 3.927 tonn árið 2021. Meginstarfsemi félagsins felst í að sækja efni og koma þeim í réttan farveg. Í daglegri starfsemi felst

því mikill akstur en hjá félaginu eru samtals 240 bílar og tæki. Á árinu fjárfestum við í nýjum bílum og smám saman skiptum við ýmsum vinnutækjum á starfsstöðvum okkar út fyrir tæki sem ganga fyrir rafmagni eða öðrum hreinni orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti.

Heildarorkunotkun Terra umhverfisþjónustu á árinu nam 23.124.093 kWst en nam 24.341.562 kWst árið 2021. Falla rafmagnsnotkun, heitavatnsnotkun, notkun lífildsneytis og jarðefnaeldsneytis þar undir.



7.856 tonn

heildarlosun



5.379 tonn

losun í umfangi 1 og 2



2.477 tonn

losun í umfangi 3



Við ætlum okkur einnig að greina heildarkolefnisspor félagsins og greina frá umfangi 1, 2 og 3. Árið 2023 ætlum við að hefja vinnu við að greina betur heildarkolefnisspor Terra umhverfisþjónustu þannig að við getum markvisst unnið að því að minnka kolefnissporið. Eins viljum við styðja viðskiptavinum okkar í því að minnka sitt kolefnisspor í umfangi 3. Til að marka okkur skýra stefnu í þeim efnum ætlum við að setja okkur loftslagsstefnu árið 2023 sem tekur tillit til allra losunarpátta sem mældir hafa verið með mælanlegum markmiðum til að draga úr losun. Þegar félagið hefur sett sér loftslagsstefnu og sett fram aðgerðir til að draga úr losun mun félagið kynna sér leiðir til að fjárfesta í ábyrgum og vottuðum kolefnisjöfnunarverkefnum sem binda eða koma í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

Þess vegna höfum við sett okkur markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. með því að auka vægi annarra orkugjafa en jarðefnaeldsneytis og besta akstursleiðir bílaflotans með betri nýtingu allra akstursleiða. Ýmsum stórum og smáum verkefnum hefur verið hrint í framkvæmd og við höfum trú á að til samans muni þau hafa jákvæð áhrif.



7.5. Mengun frá starfsstöðvum og starfsemi

Við söfnum margvíslegum efnum frá viðskiptavinum okkar. Sumum efnum er skilað inn á okkar starfsstöðvar og við komum þeim svo í réttan farveg en við flytjum önnur efni beint frá viðskiptavinum á viðeigandi staði. Í okkar rekstri flæða því margvísleg efni um starfsstöðvar okkar og starfsfólk okkar þarf að meðhöndla þau. Sum efni eru hættulegri en önnur og geta valdið mengunarslysum, svo sem úmsar sýrur, mengaður úrgangur, gaskútar o.fl. Í mörgum tilvikum er það undir starfsfólki okkar komið að greina um hvers konar úrgang eða efni er að ræða og tryggja rétta meðhöndlun. Í okkar rekstri er því hættu á mengunarslysum og viljum við gera það sem við getum til að lágmarka líkur á mengunarslysum af völdum starfsemi Terra umhverfisþjónustu.

Óhöpp og úrlausnir á árinu

Í lok október árið 2022 kviknaði í út frá niðurrifi bílhræja hjá fyrirtæki sem starfar á starfsstöð Terra umhverfisþjónustu við Akranes og úr varð mikill eldur. Sem betur fer urðu engin slys á fólki og afar stillt veður

var sem kom í veg fyrir að reyk lagði yfir Akranes. Auk þess voru bílhræin tilbúin til flutnings, búið að taka alla hjólbarða, allt eldsneyti, olíu og rafgeyma úr þeim og því varð mun minni mengun en ella hefði orðið. Í kjölfarið skoðuðum við með viðeigandi aðilum hvað hefði betur mátt fara, framkvæmdum úrbætur á svæðinu og efldum fræðslu til starfsfólks.

Við hófum einnig vinnu við að fjarlægja plast sem fyrir mistök hafði verið komið fyrir á landi á Suðurlandi sem ætlað var fyrir garðaúrgang, jarðefni og óvirkan úrgang á svæðinu í landmótun. Terra umhverfisþjónusta var einn af mörgum aðilum sem sá um að flytja efni á umrætt svæði. Fyrir nokkrum árum var úrgangur sem innihélt mengað plast fluttur þangað fyrir mistök. Félagið tók fulla ábyrgð á mistökum sínum og hóf hreinsunarstarf á árinu í fullri samvinnu við Bláskógabyggð og Heilbrigðis-eftirlit Suðurlands. Þegar þetta er ritað er búið að grófhreinsa svæðið en verkið tafðist þegar frost kom í jörðu. Áætlað er að fínsigtun svæðisins ljúki í maí og svæðið verði þá tekið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Meðal aðgerða til að tryggja að slíkt mengunartjón eigi sér ekki stað aftur er að fræða viðskiptavini og starfsfólk um flokkun og hvaða efni megri fara á hvern losunarstað fyrir sig.

Við ætlum að gera betur

Við ætlum að gera nánari greiningu á umfangi starfsemi Terra umhverfisþjónustu og gera áhættumat á umhverfispáttum og setja okkur markmið.

Við höfum gert [áhættumat](#) fyrir allar starfsstöðvar m.t.t. mengunar og almennrar starfsemi og ætlum að uppfæra það.

Við teljum hins vegar að til að lágmarka líkur á mengunarslysum skiptir mestu máli að auka [fræðslu til starfsfólks](#) og þjálfa það í meðhöndlun efna. Einnig þarf að fræða starfsfólk um umhverfisáhætturnar sem felast í okkar rekstri. Sjá nánar í kaflanum um félagslega þætti þar sem fjallað er um markmið tengd starfsþjálfun.



7.6. Úrgangur frá rekstri

Við viljum hvetja viðskiptavinum okkar og samfélagið allt til að auka flokkun og endurnýtingarhlutfall sitt.

Það er því mikilvægt að við séum öðrum til fyrirmyndar þegar kemur að úrgangi frá eigin rekstri.

Þess vegna viljum við hafa það sem eitt af okkar markmiðum að flokkunarhlutfall rekstrarúrgangs okkar sé til fyrirmyndar. Úrgangur frá rekstri Terra umhverfisþjónustu er sá úrgangur sem verður til vegna starfsemi félagsins, ekki sá úrgangur sem við fáum til meðhöndlunar.

Hjá Terra umhverfisþjónustu býr starfsfólk yfir mikilli reynslu og þekkingu á úrgangsstýringu og flokkun. Við miðlum og deilum okkar þekkingu en viljum gera það með markvissari hætti og dreifa þannig þekkingunni meðal alls starfsfólks okkar. Við ætlum að skipuleggja fræðsluna betur og fræða starfsfólk okkar með markvissum hætti um flokkun úrgangs.

Við ætlum okkur að draga úr matarsóun og ná betur utan um mælingar á þeirri sóun. Einnig ætlum við að breyta verkferlum okkar innanhúss þegar kemur að fæðismálum starfsfólks. Ólík störf kalla á ólíka nálgun til að ná fram markmiði um að draga úr matarsóun, t.a.m. eru bílstjórar okkar á ferðinni ýmist fjarri starfsstöðvum eða byggð og því hvorki hagstætt fyrir þá hvað varðar tíma né kolefnisspor að koma í mat í mötuneyti starfsstöðva okkar.

Farið verður yfir ástæður úrgangsmýndunar og leitað leiða til að draga úr úrgangi rekstursins sem og að bæta flokkun innanhúss.





7.7. Áhrif á líffræðilega fjölbreytni

Terra umhverfisþjónusta er með starfsstöðvar á nokkrum stöðum á landinu og er mikið um landflutninga með efni á milli starfsstöðva og á svokallaða losunarstaði. Við viljum vita hvaða áhrif starfsemi okkar hefur á líffræðilega fjölbreytni en hingað til höfum við ekki kortlagt það. Þess vegna er eitt af okkar markmiðum að ná utan um þau áhrif.

Hnignun á líffræðilegri fjölbreytni er stækkandi vandamál sem er mikilvægt að bregðast við. Við viljum vita hvaða áhrif okkar starfsemi hefur á líffræðilega fjölbreytni í allri virðiskeðjunni og taka fyrsta skrefið í að kortleggja áhrif og áhættu í þeim efnum. Við ætlum í kjölfarið að endurskoða verkferla til þess að lágmarka áhrif á líffræðilega fjölbreytni.



8. Félagslegir þættir





8.1. Stefnuáherslur í félagslegum þáttum

Áherslur okkar í félagslegum þáttum er að huga vel að starfsfólkinu okkar, viðskiptavinum og samfélaginu. Í því felst að stuðla að bættri heilsu og öryggi starfsfólks og að öll hafi jöfn tækifæri innan fyrirtækisins. Við viljum að allt starfsfólk upplifi sig sem mikilvægan hluta af heildinni. Jafnrétti skiptir okkur miklu máli og við líðum ekki mismunun. Við viljum leggja aukna áherslu á fræðslu og stöðuga starfsþjálfun í starfi.


Við hjá Terra umhverfisþjónustu viljum taka tillit til þeirra áhrifa sem þjónusta félagsins hefur á samfélagið og efla sjálfbærnitengt samstarf. Ánægja viðskiptavina er okkur afar mikilvæg og ætlum við því að mæla ánægju viðskiptavina reglulega og eiga regluleg samtöl við viðskiptavini okkar í þeim tilgangi að veita framúrskarandi þjónustu og auka ánægju viðskiptavina okkar.

Félagslegir þættir



Heilbrigt og öruggt starfsumhverfi

- Heilsa og öryggi
- Aðgerðir gegn mismunun
- Jafnrétti á vinnustað
- Starfsþjálfun og þróun í starfi



Jákvæð áhrif á viðskiptavini og samfélagið

- Ánægja viðskiptavina
- Samfélagsleg áhrif þjónustu og samstarf



8.2. Markmið og aðgerðaáætlun í félagslegum þáttum

Í kjölfar mikilvægisgreiningar og með hliðsjón af sjálfbærnistefnu félagsins voru eftirfarandi markmið og aðgerðaáætlun sett fram. Markmiðum sem tengjast [félagslegum þáttum](#) er ætlað að ná fram með því að innleiða sjálfbærni í kjarnarekstur okkar.

Í töflunni má sjá hluta af lykilmælikvörðum okkar sem við ætlum að mæla og greina frá í næstu skýrslu. Þar sem mikilvægisgreiningu og setningu markmiða er nýlega lokið skortir okkur í einhverjum tilvikum mælingar til að greina frá núverandi stöðu. Þar sem ekkert er tekið fram um þyngd eða hlutfall eigum við ennþá eftir að greina þessa þætti. Þegar greiningu er lokið setjum við okkur mælanleg markmið. Við munum upplýsa nánar um árangur og stöðu í næstu skýrslu.

Yfirmarkmið	Markmið	Lykilmælikvarðar	Tími
Heilsa og öryggi	1.1 Vinnuaðstæður séu öruggar og líkur á slysum séu lágmarkaðar	<ul style="list-style-type: none"> Setja stefnu í málefnum varðandi öruggt umhverfi starfsfólks Framkvæma öryggisfræðslu á öllum starfsstöðvum 	2023 árlega
	1.2 Vinnustaðamenning sem stuðlar að auknu heilbrigði starfsfólks	<ul style="list-style-type: none"> Veita starfsfólki heilsueflandi fræðslu Veita leiðbeiningar til starfsfólks um rétta líkamsstöðu við sín störf 	árlega árlega
Aðgerðir gegn mismunun	2.1 Mismunun sé ekki liðin	<ul style="list-style-type: none"> Jafnréttis- og mannréttindastefna endurskoðuð m.t.t. greinar um mismunun Verkferlar til staðar um hvernig taka skuli á slíkum málum 	2023 2023
	2.2 Koma í veg fyrir mismunun	<ul style="list-style-type: none"> Fræðsla og kynning um mismunun á vinnustað 	árlega
Samfélagsleg áhrif þjónustu og samstarf	3.1 Auka þekkingu viðskiptavina á úrgangsmálum	<ul style="list-style-type: none"> Skipulögð fræðsluerindi um fjölbreytta þætti sem tengjast úrgangsmálum send sérstaklega til viðskiptavina. Mæla og setja fram markmið 	2023
	3.2 Styrktarstefna tekur mið af sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> Uppfæra styrktarstefnu félagsins í takt við nýja sjálfbærnistefnu 	2023
Ánægja viðskiptavina	4.1 Mikil ánægja viðskiptavina	<ul style="list-style-type: none"> Reglulegar mælingar á viðskiptaánægju Endurskoðun á úrbótaferli í kjölfar könnunar á viðskiptaánægju 	4 × á ári 2023
	4.2 Regluleg samskipti við viðskiptavini	<ul style="list-style-type: none"> Uppfæra verkferla um samskipti við viðskiptavini 	2023

Framhald á næstu síðu



8.2. Markmið og aðgerðaáætlun í félagslegum þáttum

Yfirmarkmið	Markmið	Lykilmælikvarðar	Tími
Jafnrétti á vinnustað	5.1 Tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf	<ul style="list-style-type: none"> Jafnlaunavottun sé viðhaldið Útkoma launagreiningar sé undir 2% 	árlega árlega
	5.2 Kynjafjölbreytni í öllum deildum	<ul style="list-style-type: none"> 80/20 kynjahlutfall innan fyrirtækisins 90/20 kynjahlutfall meðal bílstjóra 60/40 kynjahlutfall í framkvæmdastjórn 60/40 kynjahlutfall í millistjórnendateymi 	2025 2025 2024 2023
	5.3 Jöfn tækifæri til fæðingar- og foreldraorlofs	<ul style="list-style-type: none"> Framkvæma greiningu á lengd orlofs hjá foreldrum 	2024
	5.4 Starfsauglýsingar leggja áherslu á fólk af öllum kynjum sé velkomið	<ul style="list-style-type: none"> Orðalag kynhlutlaust í starfsauglýsingum 	2023
Starfsþjálfun og þróun í starfi	6.1 Jöfn tækifæri séu til að vaxa í starfi	<ul style="list-style-type: none"> Fjöldi starfsfólks sem hefur fengið stöðuhækkun/tilfærslu í starfi mældur 	árlega
	6.2 Skýr vegferð og hlutverk starfsfólks innan fyrirtækisins	<ul style="list-style-type: none"> Móta ferla varðandi samtöl yfirmanna við sitt starfsfólk, efni og tíðni 	2023
	6.3 Regluleg starfsþjálfun	<ul style="list-style-type: none"> Stefna um fræðslu starfsfólks til staðar 	2023



8.3. Mannauðurinn okkar

Við erum 246 og komum frá 14 löndum og störfum á sjö starfsstöðvum vítt og breitt um landið.



Starfsánægja

Við leggjum mikið upp úr starfsánægju og viljum að fólk sé ánægt meðan það starfar hjá okkur, að því líði vel, fái stuðning og upplifi að á það sé hlustað. Til þess að meta hvar við stöndum voru gerðar sex mannaúsmælingar í gegnum HR Monitor á árinu.

Meðaltal þeirra mælinga í heild sinni fyrir árið 2022 var 3,96 og 4,11 fyrir sérstaka mælingu á starfsánægju. Við létum auk þess framkvæma fleiri mælingar í tengslum við vinnuumhverfi og upplýsingaflæði.

Það verður að vera gaman

Við viljum að það sé líka gaman að vinna hjá okkur. Hjá Terra umhverfisþjónustu er öflugt starfsmannafélag, Gámagull, sem varð til úr mörgum smærri starfsmannafélögum árið 2022. Áður voru starfsmannafélög á hverri starfsstöð en í takt við aukna samvinnu og markmið okkar um að fólkið okkar vinni saman sem ein heild, og skemmti sér líka sem ein heild, var ákveðið að sameina öll félögin í eitt á árinu. Fyrsta árið fór vel af stað hjá hinu sameinaða starfsmannafélagi en það hélt m.a. Pubquiz fyrir allt starfsfólk á Teams (covid-tímar), fjölskyldudag og bjórkvöld og haustviðburð. Þá héldu starfsmannafélagið og Terra umhverfisþjónusta í sameiningu tvo stóra viðburði á síðasta ári; sameiginlega árshátíð fyrir allt landið í fyrsta skipti og jólahlaðborð fyrir hverja starfsstöð.





8.4. Heilsa og öryggi

Við leggjum mikið upp úr velferð fólksins okkar og viljum tryggja að vinnuaðstæður séu öruggar og líkur á slysum séu lágmarkaðar. Störfin hjá okkur eru fjölbreytt og sinnir starfsfólki okkar störfum sem eru misjafnlega krefjandi fyrir líkama og sál. Við viljum stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu fólksins okkar og að vinnustaðamenningin stuðli að auknu heilbrigði.

Heilbrigð vinnustaðamenning

Terra umhverfisþjónusta stuðlar að bættri andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks með:



Ráðgjöf af ýmsu tagi, eins og sálfræðiráðgjöf, áfallahjálp, hjónabands- og fjölskylduráðgjöf



Flensuspauptu og starfstengdum bólusetningum



Aðgengi að trúnaðarlækni



Líkamsræktarstyrk

Við ætlum okkur að auka hvatningu og fræðslu til starfsfólks með heilsueflandi fræðslu.

Terra umhverfisþjónusta gerði samning við [Vinnuvernd](#) á árinu sem er viðurkenndur heildstæður þjónustuaðili á sviði öryggis- og heilsuverndar. Þjónustupættir Vinnuverndar fela m.a. í sér að boðið er upp á ráðgjöf til starfsfólks, vinnustaðaúttekt og þjónustu trúnaðarlækna.

Við ætlum okkur að rýna nánar fjölda veikindadaga og greina betur orsök þeirra á hverri starfsstöð og deild. Þannig getum við gripið inn í ef starfsaðstæður eiga þátt í að valda álagi og veikindum. Þannig er einnig hægt að sjá hvar þarf að kynna betur þau úrræði sem við bjóðum upp á, líkt og flensuspauptur, ráðgjöf og trúnaðarlækni.




Öryggi í fyrirrúmi

Við störfum eftir öryggisstefnu félagsins og vinnum að því að tryggja öryggi starfsfólks. Við tryggjum að ferli séu til stöðugra úrbóta og að lagalegum kröfum á sviði vinnuverndar, öryggismála og persónuverndar sé ávallt fylgt.

Við viljum sífellt gera betur í dag en í gær og hluti af því er að halda utan um skráningar á óhöppum, næstum slysum, slysum, umhverfisslysum og foktjóni. Við rýnum slíkar skráningar, bætum aðbúnað ef þess þarf og fræðum fólkið okkar. Í sumum tilvikum þurfum við einnig að fræða viðskiptavinum okkar og almenning, t.a.m. hefur kviknað í út frá efnum sem átti að flokka á annan hátt. Sem dæmi má nefna minni háttar eldsvoða í flokkunarhúsi Terra umhverfisþjónustu í Hafnarfirði sem rekja má til hleðslurafhlaðna sem bárust í endurvinnslutunnu með almennum úrgangi.


Í takt við nýja sjálfbærnistefnu ætlum við að endurskoða öryggisstefnu félagsins. Við ætlum einnig að rýna betur í nýliðafræðslu og huga betur að endurmenntun í öryggismálum. Einnig ætlum við að rýna betur og ná betur utan um skráningar okkar á óhöppum og slysum.



- óhapp
- næstum slys
- slys
- umhverfisslys
- foktjón

Hreyfiáskorun til styrktar umhverfinu sem starfsfólkið okkar valdi

Í nóvember tók hluti af starfsfólki Terra þátt í áskorun sem fólst í því að hreyfa sig og safna saman kílómetrum til styrktar umhverfinu og lagði Terra umhverfisþjónusta til pening fyrir hvern kílómetra. Starfsfólk kom með tillögur að málefni til styrktar umhverfinu og svo fór fram atkvæðagreiðsla. Blái herinn fékk flest atkvæði starfsfólks og féll styrkurinn því honum í skaut. Umhverfisverndarsamtökin Blái herinn leggja áherslu á baráttuna við plastmengun í hafinu með hreinsunarstörfum, hvatningu og vitundarvakningu. Frá stofnun hefur Blái herinn lagt megináherslu á hreinsun stranda, hafna, lóða fyrirtækja og annarra svæða á Íslandi.






Við viljum vera fjölbreytt

Við leggjum áherslu á að vera fjölbreyttur vinnustaður með mismunandi viðhorf, ólíkan bakgrunn, starfsfólk af mismunandi kynjum, þjóðerni, aldri og öðru. Við trúum því að með fjölbreyttum hópi komist fleiri sjónarhorn að og þannig tökum við betri ákvarðanir fyrir okkur og framtíðina.

Við erum 246 og við erum alls konar. Meðalaldur starfsfólks er 41 ár og meðalstarfsaldur er 5 ár. Hjá okkur starfar fólk af 14 þjóðernum.



Þjóðerni starfsfólks Terra

- Ísland
- Albanía
- Litháen
- Filippseyjar
- Pólland
- Lettland
- Portúgal
- Rúmenía
- Rússland
- Taíland
- Bandaríkin
- Venesúela
- Dóminíska Lýðveldið
- Líbía



8.5. Jafnrétti á vinnustað


Við hjá Terra umhverfisþjónustu viljum tryggja jafna stöðu fólks af öllum kynjum innan fyrirtækisins, hvað varðar laun, tækifæri til starfsþróunar, endurmenntunar og önnur starfstengd réttindi. Einnig að öll eigi jafna möguleika á að starfa hjá fyrirtækinu og að fara í fæðingar- og foreldraorlof.

Jafnlaunavottun

Frá 2020 hefur félagið verið vottað samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og nær sú vottun til allra starfsstöðva félagsins. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn ómálefnalegum launamun og stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Slík vottun felur meðal annars í sér að félagið hefur skuldbundið sig til þess að innleiða viðmið við ákvörðun launa sem tryggja að hver og einn fái greitt fyrir starf út frá verðmæti vinnuframlags síns, óháð kyni.

Jafnréttis- og jafnlaunastefnu Terra umhverfisþjónustu er ætlað að tryggja jafnrétti, að allar launaákvarðanir séu byggðar á málefnalegum forsendum og að allt starfsfólk njóti jafnra launa og kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með því að fylgja stefnunni er félagið jafnframt að tryggja að lögum og kröfum jafnlaunastaðalsins sé fylgt.

Í úttekt á jafnlaunakerfi félagsins, sem framkvæmd var í mars 2022, mældist [óútskýrður launamunur kynjanna 1,8%, konum í vil](#), og náðist því markmið félagsins um að vera undir 2% á hverju ári. Árið áður mældist launamunur 1,9%, konum í vil.





Kynjaskipting hjá Terra umhverfisþjónustu


Terra umhverfisþjónusta hefur sett sér markmið um að jafna hlutfall kynja innan fyrirtækisins og hefur félagið m.a. verið þátttakandi í Jafnvægisvog FKA síðan 2020. Verkefninu er ætlað að stuðla að auknu jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnenda fyrirtækja í íslenski viðskiptalífi.

Terra umhverfisþjónusta styrkti eina konu, sem gekk til liðs við félagið, til meiraprófs og eru nú tvær konur starfandi sem bílstjórar.

Markmiðið varðandi framkvæmdastjórn félagsins náðist ekki á árinu en við stefnum áfram að því að ná fram markmiðinu og styðja áfram við verkefni Jafnvægisvogar FKA (Félags kvenna í atvinnulífinu).

Jöfn tækifæri til fæðingar- og foreldraorlofs

Við viljum að starfsfólk af hvaða kyni sem er upplifi jöfn tækifæri til fæðingar- og foreldraorlofs. Við ætlum að framkvæma greiningu á lengd og töku fæðingar- og foreldraorlofs hjá starfsfólki Terra umhverfisþjónustu með það að markmiði að greina frávik og fylgjast betur með þeim. Ef vísbendingar eru um að bregðast þurfi við og tilefni sé til úrbóta verða tillögur útfærðar og sendar til viðkomandi stjórnanda.





8.6. Aðgerðir gegn mismunun

Við hjá Terra umhverfisþjónustu tökum skýra afstöðu gegn hvers konar mismunun og líðum ekki mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynferðis, aldurs, trúar, búsetu, skoðana eða annarra þátta.

Starfsfólkið okkar er metið og virt að verðleikum á eigin forsendum.

Jafnréttis- og jafnlaunastefna félagsins var uppfærð á árinu en markmið stefnunnar er að stuðla að jafnrétti í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Stefnan nær til alls starfsfólks fyrirtækisins og er stjórnendum og starfsfólki gert að fylgja henni til að stuðla að auknu jafnrétti á vinnustaðnum og til að ná fram því markmiði að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir allt fólk. Við tökum öllum tilvikum og tilkynningum um mismunun alvarlega. Til staðar eru ferlar um hvernig skuli taka á svona málum en við ætlum okkur að skerpa á þeim og skýra ferlið betur.

Við ætlum að bæta okkur í að upplýsa og efla fræðslu í þessum málum og sjá m.a. til þess að allt starfsfólk fái og sinni slíkri fræðslu að minnsta kosti einu sinni á ári.





8.7. Starfsþjálfun og þróun í starfi

Það er okkur mikilvægt að starfsfólk okkar vaxi og dafni í starfi í takt við árangur þess.

Þjálfun er mikilvægur þáttur í að styðja fólk til vaxtar og tryggja hæfni starfsfólksins okkar. Við leggjum áherslu á að starfsfólkið okkar fái góðar móttökur frá upphafi og að allt starfsfólk fái endurmenntun reglulega þegar það á við.

Svigrúm hefur verið til úrbóta í fræðslumálum en við hjá Terra umhverfisþjónustu höfum aukið áherslu á fræðslu- og þjálfunarmál verulega. Í ársbyrjun 2023 var ráðinn starfsmaður til að halda utan um fræðslumál alfarið og endurskoða alla ferla sem snúa að þjálfun og starfsþróun. Þegar þetta er ritað stendur yfir þarfa- greining fræðslu og mörkun fræðslustefnu. Út frá stefnunni verður gerð fræðsluáætlun fyrir hvert ár sem

miðar að því að mæta fræðsluþörfum og auka framboð fræðslu til starfsfólks. Auk þess er unnið að innleiðingu á nýju rafrænu fræðslukerfi sem verður sett í loftið á árinu.

Það er okkur mikilvægt að starfsfólkið okkar fái jöfn tækifæri til að vaxa í starfi og að vegferð og hlutverk allra innan fyrirtækisins sé skýrt. Við ætlum okkur að rýna nánar ferlið varðandi starfsþróunarsamtöl en slík samtöl eru afar mikilvæg til að hlusta á þarfir starfsfólks okkar, veita endurgjöf, skilja hvert það vill stefna og hvort það sé eitthvað sem fyrirtækið geti gert til að styðja það með tilliti til starfsþróunar.

Á haustmánuðum 2022 hóf framkvæmdastjórn, ásamt lykilstjórnendum, leiðtogaþjálfun til þess að geta unnið betur í takt við framτίðarsýn félagsins, stuðlað að heilbrigðri menningu og stutt starfsfólkið sitt, og heldur þjálfunin áfram í ár.





8.8. Ánægja viðskiptavina


Ánægja viðskiptavina okkar skiptir okkur miklu máli og að gera betur í dag en í gær með stöðugum umbótum. Við viljum hvetja og auðvelda viðskiptavinum okkar í sinni úrgangsstjórnun og lítum á ábendingar um það sem betur má fara sem tækifæri til þess að gera enn betur. Við trúum því að með auknu samtali og ráðgjöf til okkar viðskiptavina, verður ánægja viðskiptavina okkar meiri.

Við mælum ánægju viðskiptavina okkar

Á árinu framkvæmdi félagið tvær NPS kannanir til þess að mæla hvort viðskiptavinir félagsins mæli með því sem þjónustuaðila. Meðaltal þeirra kannana var 3,5. Við ætlum okkur að mæla oftari ánægju viðskiptavina okkar og skerpa á verkferlum okkar varðandi samskipti við viðskiptavini og frumkvæði okkar í þeim málum.

85% ánægja með þjónustu Terra umhverfisþjónustu hjá íbúum Akureyrar

Á árinu framkvæmdi Gallup könnun á ánægju íbúa með þjónustu ýmissa sveitarfélaga, m.a. Akureyri. Terra umhverfisþjónusta sinnir sorphirðu fyrir íbúa á Akureyri og nær reyndar þjónusta þeirrar starfsstöðvar yfir stærra svæði á Norðurlandi. Við erum afar stolt af því að þetta sé niðurstaðan, annað árið í röð. Við mætum oft krefjandi aðstæðum í sorphirðunni, sérstaklega þegar veðurfar og færð spila inn í.



Við viljum vita hvað við getum gert betur

Félagið er með svæði á heimasíðu okkar fyrir kvartanir og ábendingar og er endurskoðun á meðferð og svörun ábendinga í vinnslu í þeim tilgangi að skerpa á ferlunum og einfalda viðskiptavinum að koma á framfæri ábendingum og því sem betur má fara.

Gæðavottun styður við faglega úrbóta- og framþróun

Frá 2018 hefur félagið verið vottað samkvæmt ISO 9001 gæðastaðlinum sem tryggir meðal annars að stjórnkerfi fyrirtækisins er virkt, rýni stjórnenda er í föstum skorðum og áhersla er lögð á að greina tækifæri til úrbóta og framþróunar, uppfylla væntingar viðskiptavina og stuðla þannig að ánægju viðskiptavina sem er grunnur að frekari þróun fyrirtækisins.





„Mínar síður“ til einföldunar og hvatningar

Krafan eykst sífellt um að fyrirtæki upplýsi um sjálfbærnimál sín og við innleiðingu á sjálfbærni þarf meðal annars að huga að úrgangsmálum. Hluti af nýrri sýn okkar er aukin sjálfvirkni og að veita viðskiptavinum enn betri upplýsingar um sín úrgangsmál og styðja þannig við sjálfbærniþróun þeirra. Viðskiptavinir Terra umhverfisþjónustu geta fylgst með magni úrgangs, flokkunarhlutfalli sínu og fleiru inni á „mínum síðum“. „Mínar síður“ félagsins tóku breytingum á árinu sem miðuðu allar að því að gera vefinn notendavænni og upplýsingar aðgengilegri. Markmið félagsins er að viðskiptavinir geti nálgast upplýsingar og þjónustu með rafrænum hætti, kjósi þeir það.

Við hvetjum viðskiptavinum okkar áfram og veitum umhverfisviðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í flokkun!

Árlega veitir Terra umhverfisþjónusta umhverfisviðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í flokkun og endurvinnslu og varð Eykt fyrir valinu í ár. Fyrirtækið náði mjög háu endurvinnsluhlutfalli í ár, eða 90,14%. Eykt er þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði og sér um að byggja vönduð mannvirki en fyrirtæki í byggingariðnaði standa frammi fyrir margþættum áskorunum þegar kemur að úrgangsstjórnun. Úrgangsstjórnun Eyktar er til fyrirmyndar og starfar fyrirtækið auk þess eftir ISO 9001 gæðastaðli. Við finnum fyrir miklum metnaði og vilja hjá fyrirtækinu til þess að gera vel. Innilega til hamingju með frábæran árangur, Eykt!

Undir stækkunarglerið hjá viðskiptavinum

Á árinu heimsótti Terra umhverfisþjónusta nokkra viðskiptavinum sína sem hafa lagt mikla áherslu á að flokka sinn úrgang og sýnt framúrskarandi árangur.





8.9. Samfélagsleg áhrif þjónustu og samstarf

Deilum þekkingu – vinnum saman

Við viljum taka sérstakt tillit til þeirra samfélagslegu áhrifa sem þjónusta Terra umhverfisþjónustu hefur og vinna markvisst að því að auka jákvæð áhrif og draga úr neikvæðum áhrifum. Þá horfum við til þess að auka þekkingu okkar viðskiptavina á úrgangsmálum og öðrum þáttum tengdum starfsemi Terra umhverfisþjónustu. Við viljum miðla okkar reynslu af og þekkingu á úrgangsmálum og flokkun til viðskiptavina og almennings.

Við viljum hvetja viðskiptavini okkar til dáða og auðvelda þeim úrgangsstjórnun. Við trúum að með auknu samtali og fræðslu um úrgangsmál og flokkun til viðskiptavina okkar, gerum við þeim kleift að draga úr kostnaði við að koma úrgangi í réttan farveg og samtímis ganga betur um jörðina okkar. Við viljum einnig halda áfram að fræða almenning um úrgangsmál og hvetja aðra til að skilja ekkert eftir.

Undanfarin ár höfum við hjá Terra umhverfisþjónustu gefið út flokkunarhandbók fyrir fyrirtæki og stofnanir. Vegna þess að sífellt eru ný efni í umferð er handbókin lifandi og uppfærð eftir þörfum. Markmiðið er að fræða

einstaklinga um flokkun svo að hámarksárangur náist. Þannig styðjum við markmið okkar um að hækka endurvinnsluhlutfall, þ.e. að hækka hlutfall efna til endurvinnslu/endurnýtingar og minnka hlutfall efna sem er urðað.

Á árinu gáfum við út upplýsingar á vefsíðu Terra umhverfisþjónustu um meðhöndlun úrgangs hjá félaginu, eftir landsvæðum og úrgangsflokkum. Þar má finna upplýsingar um endastað úrgangsins, úrgangsmeðhöndlun og ef aukaafurð verður til úr úrganginum. Þar má finna nánari upplýsingar um hvaða efni fara aftur í hringrásina og hvaða efni rata ekki þangað – en það er einmitt þar sem við eigum verk að vinna og erum við staðráðin í að stuðla að því að efni fari í auknum mæli aftur inn í hringrásina.

Á árinu innleiddi Terra nýjar flokkunarmerkingar Fenúr (Fagráð um endurnýtingu og úrgang) en þær byggjast á nýju og samræmdu norrænu merkingakerfi fyrir úrgang. Samræmt, einfalt og gott merkingakerfi er mikilvægt til að stuðla að betri flokkun og stuðla að bættri úrgangsstjórnun á Íslandi. Það er mikilvægur hlekkur í

hringrásarhagkerfinu. Terra umhverfisþjónusta er félagi í Fenúr og eigum við aðila í stjórn fagráðsins.

Við viljum styðja við umhverfið og nýsköpun

Félagið tekur virkan þátt í því samfélagi sem það starfar í og hluti af þeirri þátttöku felst í styrkjum til margvíslegra málefna. Stefna félagsins í styrktarmálum endurspeglar markmið félagsins í sjálfbærni og að styðja við nærsamfélag starfsstöðva þess. Við ætlum þó að endurskoða stefnuna m.t.t. nýrrar sjálfbærnistefnu félagsins á árinu 2023. Félagið leitast við að styrkja málefni sem bæði tengjast kjarnastarfsemi þess og gagnast samfélaginu. Sérstök áhersla er lögð á umhverfismál, nýsköpun og heilsu/íþróttir (með áherslu á barna- og unglingsstarf).

Við styðjum við góðgerðarmál, íþróttar- og æskulýðsstarf

Við styrkjum einnig margvísleg önnur málefni sem tengjast heilsu og góðgerðarmálum, íþróttar- og æskulýðsstarfi í okkar nærsamfélagi.



Við erum meðal bakhjarla KLAK – Icelandic Startups / Hringiðu

Það er okkur mikil ánægja að taka þátt í að styðja og efla nýsköpun sem tengist hringrásarhagkerfinu. Markmið Hringiðu er að draga fram, efla og styðja nýsköpunarverkefni fyrirtækja og stofnana.

Umhverfisvæn listsköpun – Terra x Baggalútur

Tékkneski myndlistarmaðurinn Krištof Kintera hannaði sviðið fyrir jólatónleika Baggalúts. Listaverkið var unnið í samstarfi við Terra umhverfisþjónustu sem safnaði saman ákveðnum hlutum sem listamaðurinn óskaði eftir og kom þeim í Háskólabíó. Við fögum tækifærinu til að taka þátt í listsköpun þar sem efni öðlaðist nýtt hlutverk.

Nýsköpun og frumkvæði kveikur að samstarfi

Til okkar koma margvísleg efni og er það okkar markmið að koma þeim sem flestum aftur í hringrásina. Því miður fer of mikið magn forgörðum. Við viljum bæta úr því með því að gera öðrum kleift að nýta þessi efni og koma þeim þannig aftur í hringrásina. Við horfum til þess að eiga frumkvæði að og efla samstarf við helstu leikendur á markaðnum m.t.t. loftslagsmála og sjálfbærni.

Frá undirritun samstarfssamnings KLAK Icelandic Startups við Ölgerðina, Samtök iðnaðarins, Faxaflóahafnir og Terra umhverfisþjónustu. Frá vinstri, Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins, Magnús Þór Ásmundsson, hafnarstjóri Faxaflóahafna, Kristín Soffía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri KLAK Icelandic Startups og Valgeir M. Baldursson, forstjóri Terra umhverfisþjónustu.
Ljósmynd: Hari





9. Stjórnarhættir




9.1. Stefnuáherslur í stjórnarháttum

Áherslur Terra í stjórnarháttum er að stuðla að traustum og góðum stjórnarháttum. Góðir stjórnarhættir leggja grunn að ábyrgri stjórnun og vandaðri ákvarðanatöku og stuðla að traustum samskiptum á milli hluthafa, stjórnar, stjórnenda, starfsfólks og annarra hagaðila.

Stjórn Terra umhverfisþjónustu leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og taka stjórnarhættir félagsins mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar, siðareglum og stefnum félagsins. Félagið styðst við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Sjá nánar stjórnarháttayfirlýsingu félagsins í ársreikningi þess.

Stjórnarhættir



Góðir og ábyrgir stjórnarhættir

- Birgjamat
- Eftirlit og áhættustjórnun
- Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi
- Upplýsingagjöf




Stjórn, stjórnendur og annað starfsfólk félagsins leggja upp úr góðum samskipta- og viðskiptaháttum og hlítu við lög og reglugerðir. Óréttmætir viðskiptahættir eru aldrei látnir viðgangast. Þetta felur meðal annars í sér að skylt er að tilkynna um mútur, spillingu og brot til réttra aðila, sbr. siðareglur félagsins. Félagið virðir lög um persónuvernd og nýtir upplýsingar um viðskiptavini, starfsmenn eða aðra hagsmunaaðila ekki á neinn annan hátt en þeim hefur verið kynnt, né er óviðkomandi aðilum veittur aðgangur að gögnum um viðskiptavini eða starfsfólk, sbr. persónuverndarstefnu félagsins.

Félagið stýrir öryggismálum sínum á kerfisbundinn hátt í gegnum gæðakerfi og gæðahandbók, sem inniheldur áhættugreiningu, sbr. gæðastefnu félagsins.

Í siðareglum félagsins er kveðið á um viðskiptasiðferði og þar má einnig finna stefnu félagsins um varnir gegn hagsmunaárekstrum sem felast í því að draga úr hættu á að starfsfólk tengist einstökum úrlausnarefnum þannig að draga megi í efa óhlutdrægni þess við meðferð og afgreiðslu einstakra mála viðskiptavina félagsins.

Félagið stundar heiðarleg og ábyrg viðskipti þar sem hvers konar mútur eða spilling eru hvorki viðhöfð né liðin. Við val á og endurnýjun samninga félagsins við verktaka, ráðgjafa, birgja og annarra samstarfsaðila skulu siðareglur félagsins hafðar til hliðsjónar. Með því móti vill félagið stuðla að virðingu fyrir hvers konar mannréttindum og leggur áherslu á að allir samstarfsaðilar þess deili þeim og öðrum grundvallargildum er varða virðingu fyrir starfstengdum réttindum og jafnrétti. Þá er kveðið á um hvers konar ferli skuli fylgja við tilkynningu brota gegn siðareglum félagsins og meðferð slíkra mála.

Áhersla félagsins í stjórnarháttum beinist að framkvæmd birgjamats m.t.t. sjálfbærni. Það þýðir einnig að reglulega þarf að framkvæma áhættumat fyrir sjálfbærni og sinna ábyrgri áhættustýringu. Þá viljum við halda vottun á ISO 14001 umhverfisstjórnunarkefi og sinna reglubundinni upplýsingagjöf um sjálfbærni.





9.2. Markmið og aðgerðaáætlun í stjórnarháttum

Í kjölfar mikilvægisgreiningar og með hliðsjón af sjálfbærnistefnu félagsins voru eftirfarandi markmið og aðgerðaáætlun sett fram. Markmiðum sem tengjast [stjórnarháttum](#) er ætlað að ná fram með því að innleiða sjálfbærni í kjarnarekstur okkar.

Í töflunni má sjá hluta af lykilmælikvörðum okkar sem við ætlum að mæla og greina frá í næstu skýrslu. Þar sem mikilvægisgreiningu og setningu markmiða er nýlega lokið skortir okkur í einhverjum tilvikum mælingar til að greina frá núverandi stöðu. Þar sem ekkert er tekið fram um þyngd eða hlutfall eigum við ennþá eftir að greina þessa þætti. Þegar greiningu er lokið setjum við okkur mælanleg markmið. Við munum upplýsa nánar um árangur og stöðu í næstu skýrslu.

Yfirmarkmið	Markmið	Lykilmælikvarðar	Tími
Birgjamat	1.1 Birgjamat framkvæmt með sjálfbærni að leiðarljósi	<ul style="list-style-type: none"> Útbúa spurningalista fyrir birgja út frá sjálfbærniáætlunum Hlutfall stærstu birgja sem hafa farið í gegnum birgjamat 	2023 2024
	1.2 Siðareglur birgja sýnilegar og þeim framfylgt	<ul style="list-style-type: none"> Sér siðareglur birgja til staðar Ferlar til staðar til að tryggja að siðareglum sé fylgt Hlutfall stærstu birgja sem hafa staðfest siðareglur 	2023 2024 2024
Eftirlit og áhættustjórnun	2.1 Áhættumat framkvæmt reglulega	<ul style="list-style-type: none"> Setja upp áhættumat fyrir sjálfbærnitengdar áhættur Framkvæma loftslagstengt áhættumat 	2023 árlega
	2.2 Áhættustýring	<ul style="list-style-type: none"> Ferlar og aðgerðir til staðar sem draga úr skilgreindum áhættuþáttum 	2024
	2.3 Stjórn og stjórnendur fari með reglubundnum hætti yfir sjálfbærniáhættuþætti	<ul style="list-style-type: none"> Endurskoðun stjórnarháttanna m.t.t. sjálfbærniáhættuþátta Sjálfbærniþættir í starfsemi Terra umhverfisþjónustu á fundardagskrá stjórnar 	2023 4 × á ári
Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi	3.1 Viðhalda vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi	<ul style="list-style-type: none"> Endurskoða umhverfisstefnu fyrirtækisins Endurskoða mælanleg umhverfismarkmið árlega m.t.t. stöðugra umbóta (loftslagstengdra þátta) 	árlega árlega
	3.2 Samhæfing stjórnunarkerfis og sjálfbærnistefnu	<ul style="list-style-type: none"> Rýna gæða- og umhverfisstefnur m.t.t. sjálfbærniáherslna 	2023
Upplýsingagjöf	4.1 Sjálfbærnisráðgjöf gefin út	<ul style="list-style-type: none"> Sjálfbærnisráðgjöf gefin út 	árlega
	4.2 Sjálfbærniáætlun séu staðfest af þriðja aðila	<ul style="list-style-type: none"> Sjálfbærniáætlun staðfest af þriðja aðila 	2024
	4.3 Helstu sjálfbærniupplýsingar kynntar helstu hagaðilum	<ul style="list-style-type: none"> Upplýsingafundur / upplýsingar um lykilmælikvarða sjálfbærniáætla veittar með skilgreindri tíðni 	2 × á ári



9.3. Birgjamat

Í 7. kafla ISO 9001 staðalsins kemur fram að fyrirtæki skuli tryggja að keypt vara samræmist tilgreindum innkaupakröfum. Birgjarnir okkar eru stór hluti af virðis kedju Terra umhverfisþjónustu og því er mikilvægt að þeir uppfylli væntingar okkar og viðskiptavina félagsins, séu metnir með gæði, verð, áreiðanleika og sjálfbærni að leiðarljósi, ásamt því að þeir fylgi siðareglum. Birgjamat er mikilvæg leið til þess að hafa jákvæð áhrif á virðis kedjuna og sporna um leið við spillingu, mannréttindabrotum og óheiðarlegu viðskiptasiðferði, svo eitthvað sé nefnt.


Terra umhverfisþjónusta kaupir mikið magn af ílátum, gámum og tunnum frá sínum birgjum til að nota í sínum rekstri. Þá flytur félagið mikið magn úrgangs úr landi og er því háð erlendum birgjum til að taka á móti efnum og koma þeim í réttan farveg.

Við höfum framkvæmt hefðbundið birgjamat í samræmi við kröfur stjórnunarstaðla sem félagið fylgir en við ætlum okkur að framkvæma reglulega birgjamat með sjálfbærni að leiðarljósi, s.s. m.t.t. mannréttinda, neikvæðra umhverfisáhrifa, kolefnisspors o.fl. Á árinu var

stofnuð miðlæg innkaupadeild til að tryggja samræmda innkaupaaðferð fyrir heildina og stuðla að faglegum og vistvænum innkaupum. Einnig er deildinni ætlað að meta val á birgjum og framkvæma birgjamat.

Birgjamatið nýtist við gerð samninga, umbótatilagna, áhættumats, prófana á vörum birgja, frammistöðumats birgja og endurgjöf til þeirra. Mikilvægt er að matið sé skipulagt, hlutlægt og hlutlaust.

Núgildandi siðareglur félagsins gilda fyrir alla starfsemi samstæðunnar og ná til alls starfsfólks, verktaka, birgja, samstarfsaðila og stjórn þess. Tilgangur reglnanna er að veita stjórn, stjórnendum og starfsfólki leiðbeiningar þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar ábyrgðar. Þær eru hluti af þeim anda sem félagið vill að sé ríkjandi í störfum þess. Siðareglurnar skulu hafðar til hliðsjónar við val á birgjum og endurnýjun samninga við þá. Á árinu ætlum við okkur að setja sérstakar siðareglur fyrir birgja og eins skýra ferla ef siðareglurnar eru vanefndar. Við ætlum okkur í kjölfarið að fá stærstu birgjana okkar til að staðfesta siðareglur birgja.





9.4. Eftirlit og áhættustjórnun

Terra umhverfisþjónusta er á mikilvægum stað í virðiskeðju fjölmargra fyrirtækja og viljum við því gera það sem í okkar valdi stendur til þess að minnka líkur á sjálfbærnitengdum áhættuþáttum.

Félagið hefur framkvæmt hefðbundið áhættumat í samræmi við stjórnunarstaðla félagsins en til að tryggja yfirgripsmeira rýni m.t.t. sjálfbærniáhættuþátta hyggst félagið endurmeta áhættumat sitt, framkvæma loftslagstengt áhættumat og tryggja að mál sem þessi séu reglulega til umræðu á fundum framkvæmdastjórnar og stjórnar félagsins.

Megináhættur í rekstri Terra umhverfisþjónustu eru margvíslegar en snúa einna helst að öryggi og umhverfi. Ein helsta umhverfisáhættan í starfsemi félagsins er hættan á efnaleka, sem og olíuleka frá bílum og

vélum þess. Verkefni ársins 2023 verða m.a. að rýna sjálfbærniþætti félagsins betur með heildstæðum hætti og gera betur grein fyrir þeim í næstu skýrslu.

Einn liður í eftirliti og áhættustjórnun er birting upplýsinga félagsins um markmið og árangur þess með hliðsjón af UFS mælikvörðum, en uppgjorið fer fram í kerfi Klappa, sjá nánar yfirlit aftast í skýrslu þessari. Ekki kom upp á árinu atvik er varða spillingu eða mútumál.

Á árinu var stofnað svið menningar og sjálfbærni til að leggja m.a. aukna áherslu á endurskoðun stjórnarháttanna m.t.t. sjálfbærniáhættuþátta. Við ætlum að halda sjálfbærniáhættuþáttum vel á lofti og endurskoða stjórnarhætti m.t.t. til þeirra, m.a. með því að stjórnendur fari með reglubundnum hætti yfir sjálfbærniþætti í starfsemi og greini áhættu og tækifæri vegna þeirra. Loftslagstengt áhættumat, eftirlit og ábyrgð á loftslagstengdri áhættu eru einnig á ábyrgð stjórnar.





9.5. Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi

Meginhlutverk Terra umhverfisþjónustu er að aðstoða viðskiptavinum sína við að losa úrgang og spilliefni á umhverfisvænan hátt.

Við veitum umhverfisþjónustu og viljum styðja fyrirtæki og opinbera aðila í að ná árangri í umhverfisvænni úrgangsstjórnun og koma efnunum í réttan farveg.

Að vinna markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar og viðskiptavina skiptir okkur miklu máli. Eitt af gildum Terra umhverfisþjónustu er umhverfisvernd sem endurspeglast í því hugarfari sem við viljum byggja á í okkar rekstri.

Frá 2013 hefur Terra umhverfisþjónusta verið umhverfisvottuð samkvæmt ISO 14001 staðlinum en auk þess er félagið með vottun fyrir gæðastjórnunarstaðalinn ISO 9001 síðan 2018 og jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 síðan 2020. Félagið hefur innleitt vottanirnar á öllum starfsstöðvum sínum og staðfesta þær að rekstur félagsins sé í samræmi við kröfur staðlanna og hafa vottanirnar verið endurnýjaðar árlega.

Vottanir ytri aðila tryggja eftirlit með fylgni við stefnur og að unnið sé jafnt og þétt að lykilmælikvörðum félagsins. Þá er félagið með samninga við Klappir grænar lausnir um notkun á sjálfbærnislausn þeirra til að halda utan um árangur aðgerða í UFS þáttum og gerð sjálfbærniuppgjors. Gögnum í UFS skýrslu er safnað saman í kerfi Klappa með sjálfvirkum hætti að mestu leyti sem tryggir áreiðanleika.

Við ætlum að halda vottun á umhverfisstjórnunarkerfi áfram líkt og undanfarin ár. Við teljum rétt að endurskoða umhverfis- og gæðastefnu fyrirtækisins og laga að sjálfbærnistefnu félagsins, markmiðum sem og lykilmælikvörðum sem félagið hefur sett sér í takt við niðurstöðu mikilvægisgreiningar. Auk þess viljum við styrkja ferli fyrir innri endurskoðun sem og að endurskoða mælanleg umhverfismarkmið árlega m.t.t. stöðugra umbóta og loftslagstengdra þátta.





9.6. Upplýsingagjöf

Við hjá Terra umhverfisþjónustu höfum metnað til þess að ganga lengra en verið hefur og auka upplýsingagjöf með árlegri útgáfu sjálfbærnisráðgjafarýrslu þar sem gerð er grein fyrir sjálfbærnimálum félagsins, UFS þáttum (viðmiðum Nasdaq um upplýsingagjöf) og Heims-markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.


Aukin krafa um upplýsingagjöf fyrirtækja um rekstur og framlag þess til sjálfbærni er að okkar mati eðlileg og nauðsynleg þróun. Slík upplýsingagjöf og gagnsæi veita viðskiptavinum, samfélaginu og öðrum hagaðilum betri heildarsýn yfir stöðu fyrirtækja. Með auknu gagnsæi gefst hagaðilum tækifæri til að veita fyrirtækjum aukið aðhald sem er af hinu góða.

Til þessa hefur upplýsingagjöf félagsins varðandi sjálfbærni fyrst og fremst verið miðlað í ársreikningi félagsins og með einstaka fréttum á vefsíðunni terra.is og samfélagsmiðlum.

Við hjá Terra umhverfisþjónustu viljum vera til fyrirmyndar og taka upplýsingagjöf fastari tökum, því það eykur metnað okkar til að ná fram settum markmiðum.

Þess vegna skiptir það okkur máli að gera upplýsingagjöf að sérstöku markmiði og ganga þannig lengra en núverandi lögbundnar kröfur til félaga á stærð við Terra umhverfisþjónustu segja til um.

Félagið mun gefa út sjálfbærnisráðgjafarýrslu árlega samhliða ársreikningi sem inniheldur helstu lykilmælikvarða fyrirtækisins. Þá mun þriðji aðili staðfesta sjálfbærniögn Terra umhverfisþjónustu. Einnig munum við kynna helstu sjálfbærniupplýsingar fyrir helstu hagaðilum félagsins, bæði með samtölum og með því að hafa sjálfbærni-stefnu, -markmið og -skýrslu okkar aðgengileg á innri vef okkar og heimasíðu fyrirtækisins.



10. Stöðugar umbætur





Á árinu 2022 voru eftirtalin umbótaverkefni unnin

- ✓ Endurbætur á mötuneyti. – Hafnarfjörður
- ✓ Endurbætur á móttöku. – Akureyri
- ✓ Endurbætur á starfsmannaaðstöðu. – Reyðarfirði
- ✓ Fundaraðstaða bætt, bæði fjölgun fundarherbergja og búnaður bættur. – Hafnarfjörður
- ✓ Einbeitingarrými (quiet room) sett upp fyrir starfsfólk. – Hafnarfjörður
- ✓ Skipt yfir í LED lýsingu: færri ljós en betri birta. – Austurland
- ✓ Pappírslaus viðskipti hjá dótturfélögum 2022, móðurfélagið varð pappírslaut 2021.
- ✓ Umbætur á skráningu verðmæta og eigna, vinna sem er enn í gangi.
- ✓ Fjöldi myndavéla á starfssvæðum var fjölgað til að tryggja öryggi starfsfólks.
- ✓ Trailer tekinn í notun til að hraða afsetningu efna og úrgangs.
- ✓ Upptaka á beiðnakerfi sem leiddi til einföldunar ferla hjá Terra Efnaeyðingu.
- ✓ Ýmsar stórar sem smáar umbætur eftir ábendingum fá starfsfólki en starfsfólk getur komið á framfæri ábendingum og hugmyndum á innri vef félagsins. – Workplace
- ✓ Verkefnastjóri stefnumótunar og umbótamála ráðinn á árinu til að undirstrika mikilvægi þess að setja aukinn fókus á umbótamál og faglega verkefnastýringu stefnumótunar og sjálfbærnimála.
- ✓ Innkaupastjóri ráðinn á árinu til að bæta ferla varðandi innkaup félagsins.
- ✓ Þarfagreining og birgjaaval varðandi nýtt fjárhagskerfi hófst á árinu 2022 og stefnt að innleiðingu á nýju fjárhagskerfi á árinu 2023.
- ✓ Markvisst unnið að stærri og smærri verkefnum í Asana, fyrir utanumhald og faglega stýringu verkefna.
- ✓ Hættum að urða óflokkaðan úrgang og fluttum í stað til orkuvinnslu í Evrópu.
- ✓ Vinna hafin við að einfalda og besta ferla varðandi aksturþjónustu í sorphirðu, sem mun minnka kolefnisspor félagsins.



11. Sjálfbærniuppgjör 2022



Nálgast má sjálfbærniuppgjör
Terra umhverfisþjónustu 2022
hér: terra.is/is/um-terra/sjalfbaerni

